



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Garðabæjar

Gunnar Einarsson
Ráðhús Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Kópavogi, 9. desember 2020
1501007 PBG/HH

Efni: Fjölsmiðjan

Á fundi stjórnar SSH hinn 7. desember var Fjölsmiðjan til umræðu.

Eftirfarandi var bókað:

Fjölsmiðjan / málsnr. 1501007

Fyrirliggjandi er erindi Fjölsmiðjunnar, dags. 2. nóvember 2020, þar sem lýst er áhrifum Covid-19 á starfsemina ásamt því að farið er fram á viðbótarfjármagn til starfseminnar vegna þeirra. Afgreiðsla þessa erindis var frestað á 514. fundi.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að leggja til við sveitarfélögin að veitt verði viðbótarfjármagn til starfsemi Fjölsmiðjunnar í samræmi við erindið og þá kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga sem þar kemur fram.

Óskað er eftir því að ofangreint verði tekið til efnislegrar umræðu og afgreiðslu.

Afgreiðsla málsins óskast send á ssh@ssh.is.

Virðingarfyllst,

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi gögn:

1) Erindi Fjölsmiðjunnar, dags. 02.11.2020, með ósk um fjárstuðning við Fjölsmiðjuna vegna áhrifa Covid-19.